

KJARASAMNINGUR
milli
Félags ráðgjafarverkfræðinga
og
Verkfræðingafélags Íslands, Kjaradeildar Byggingafræðingafélags Íslands og
Stéttarfélags tölvunarfræðinga

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Félags ráðgjafarverkfræðinga annars vegar og Verkfræðingafélags Íslands, Kjaradeildar Byggingafræðingafélags Íslands og Stéttarfélags tölvunarfræðinga hins vegar.

Gildistími kjarasamnings þessa er frá 1. janúar 2026 til 1. febrúar 2028 og fellur hann þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. gr.

Launabreytingar

Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. janúar 2026: 3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2027: 3,50% eða 23.750 kr.

Komi til þess að úrskurðað verði um greiðslu framleiðniauka á grundvelli almennra kjarasamninga SA og aðildarfélaga ASÍ frá mars 2024 skal sama hækkun gilda fyrir samning þennan.

Til upplýsingar:

Aðildarfyrirtæki FRV hrintu í framkvæmd launabreytingum almennra kjarasamninga SA, 3,25% vorið 2024 og 3,5% frá 1. janúar 2025.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Samkvæmt gr. 8.6.1 í kjarasamningi skulu upphæðir og greiðsludagsetningar desember- og orlofsuppbóta vera í samræmi við heildarkjarasamninga SA á almennum vinnumarkaði. Uppbæturnar eru þar sem hér segir:

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2026 114.000 kr.

Á árinu 2027 118.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót kr. 62.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót kr. 64.000.



4. gr.

Orlof

Ákvæði um orlofsávinnslu og orlofsfé breytast og verða sem hér segir:

- 4.1.1 Um orlof fer skv. lögum um orlof. Orlofsréttur er að lágmarki 25 dagar á ári.
 - 4.1.2 Eftir eins árs samfelldt starf hjá fyrirtæki er orlof 27 dagar.
 - 4.1.3 Eftir þriggja ára samfelldt starf hjá fyrirtæki er orlof 30 dagar.
 - 4.1.4 Orlofsávinnsla hefst 1. maí eftir að starfstíma skv. ofangreindu er náð.
 - 4.1.5 Áunnin orlofsréttindi færast óskert með starfsmanni á milli aðildarfyrirtækja sem heyra undir FRV.
 - 4.1.6 Starfsmaður sem hefur áunnið sér betri rétt á grundvelli eldri ákvæða kjarasamnings þessa eða á grundvelli ráðningarsamnings, heldur þeim rétti.
-
- 4.2.4 Orlofsfé miðast við fjölda orlofsdaga:
 - 10,64% miðað við 25 orlofsdaga
 - 11,59% miðað við 27 orlofsdaga
 - 13,04% miðað við 30 orlofsdaga

5. gr.

Orlofs- og starfsmenntasjóðsiðgjald

Ný grein 8.4. orðist svo:

Atvinnurekendur greiða 0,25% orlofssjóðsiðgjald sem reiknast af heildarlaunum starfsmanns. Sjá nánar bókun um framkvæmd.

Ný grein 8.5. orðist svo:

Atvinnurekendur greiða 0,22% starfsmenntasjóðsiðgjald sem reiknast af heildarlaunum starfsmanns. Sjá nánar bókun um framkvæmd.

Greinar 8.4 – 8.6 verði greinar 8.6 – 8.8.

6. gr.

Atkvæðagreiðsla

Kjarasamningur þessi skal borinn upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu stéttarfélaganna sem aðild eiga að samningi þessum og skal tilkynna um niðurstöðu hennar til gagnaðila eigi síðar en kl. 16:00 29. janúar 2026.

Reykjavík, 22. janúar 2026

F.h. Verkfræðingafélags Íslands
Stéttarfélags tölvunarfræðinga
Kjaradeildar Byggingafræðingafélags Íslands

Án D. Halldóttir
Ken S. S.
Jonas Páll Pálsson
Dagmundur Garðarsson
ST og KBFI

F.h. Félags ráðgjafarverkfræðinga

Ragnheiður Gunnarsdóttir
Elín Greta Stefánsdóttir
Ingridur Sigrún Stefánsdóttir
Pétur D. Magnússon

Bókun vegna greiðslu orlofs- og starfsmenntasjóðsiðgjalds

Með kjarasamningi þessum koma inn ákvæði vegna greiðslu iðgjalds í orlofssjóð og starfsmenntasjóð vegna félagsfólks stéttarfélaganna. Dæmi eru um að atvinnurekendur greiði þegar í þessa sjóði vegna félagsfólks og hefur þessi breyting þá ekki áhrif til hækkunar. Annað gildir ef iðgjaldið er dregið af launum starfsmanns. Í þeim tilvikum mun atvinnurekandi greiða sjóðagjöldin.

Að beiðni stéttarfélaganna er samkomulag um að í stað sjóðssöfnunar renni þessi iðgjöld beint til félagsmanna í formi launahækkunar. Samkomulag er um að laun hækki frá og með 1. janúar 2026 um 0,25% og 0,22%, samtals um 0,47%, sbr. þó 1. mgr. Hækkun þessi mun ná til félagsmanna sem eru í starfi við gildistöku kjarasamnings þessa. Í ljósi þess að samkomulag var um upptöku þessara sjóðagjalda snemma í viðræðum aðila er samkomulag um að aðildarfyrirtæki FRV greiði félagsfólki stéttarfélaganna, með febrúarlaunum 2026, eingreiðslu sem nemur kr. 85.000, sem innifelur orlof. Greiðslan verður innt af hendi til starfsfólks sem ekki hefur notið greiðslu sjóðagjalda, sbr. 1. mgr., er í starfi í janúar 2026 og í sama hlutfalli og desemberuppbót 2025.

